



## **206. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 20. feb. 2020 kl. 09:30.**

Mætt: Elín Einarsdóttir, Guðríður Egilsdóttir (fulltrúi kennara), Ingvar Pétur Guðbjörnsson, Jón G. Valgeirsson, Jóna S. Sigurbjartsdóttir, Kristín Traustadóttir, Olga Lísía Garðarsdóttir, Estelle Marie Burgel (fulltrúi foreldra), Gígja Marín Þorsteinsdóttir (fulltrúi nemenda) og Þórarinn Ingólfsson. Gestur fundarins var Jóhanna Guðjónsdóttir kennslustjóri starfsbrautar.

Olga Lísía setti fund kl. 09:30 þar sem Ingvar Pétur formaður skólanefndar mætti aðeins of seint.

### **Dagskrá:**

#### **1. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð 205 var samþykkt án athugasemda og undirrituð af fundarmönnum.

#### **2. Kynning á starfsbraut FSu – JG kennslustjóri**

Jóhanna Guðjónsdóttir kynnti starfsemi starfsbrautarinnar og kom meðal annars fram í máli hennar að nemendur á starfsbraut eru 54 (19 stelpur og 35 strákar). Nemendur okkar hafa mikið val á brautinni og er það rúmlega 50% af heildarnámi hvers einstaklings. Almennir kennarar við skólann koma mikið að kennslu einstakra nemenda í vali þeirra. Almenn námsefni byggir mikið á grunnskólanámsefni en einnig eru kennarar við deildina að semja námsefni. Umræður sköpuðust um starfsbrautina og var meðal annars rætt um mönnunina í deildinni, vinnustaðanám nemenda og hvað tekur við að loknu námi í FSu.

#### **3. Tölfræði vorannar – OLG**

Olga Lísía fór yfir helstu tölur sem tengjast önninni. Alls eru í dag 733 nemendur sem stunda nám í dagskóla. Það eru 390 strákar og 343 stelpur. Undir 18 ára eru rúmlega 52% og er þar nokkuð jafnt hlutfall á milli kynja. Skólameistari sýndi lista yfir nemendafjölda eftir póstnúmerum og þar kom í ljós að rúmlega 60% koma frá Selfossi og nágrenni (póstnúmer 800 – 806). Hún sýndi einnig lista yfir nemendafjölda eftir brautum. Lang flestir eru núna skráðir á ST-1 (stúdentsbraut-opin lína) eða 270 nemendur af 733. Á iðnbrautum eru samtals 147 nemendur, 56 eru á starfsnámsbrautum, 476 á bóknámsbrautum og síðan eru 54 á starfsbraut.

#### **4. Árshátíð nemenda – Gígja Marín frá NFSu**

Gígja Marín sagði í grófum dráttum frá árshátíð NFSu og var almenn ánægja með hana. Hún talaði sérstaklega um að gæslan hafi gengið vel einnig var vel mætt bæði í matinn og á ballið. Gígja Marín sagði einnig frá því helsta sem er í gangi vegna Kátra daga hér í skólanum. Á morgun er fyrirhugað Flóafár þar sem allir kennarar og nemendur taka þátt. Það verða 5 lið nemenda sem keppa. Kosið verður til nýs nemendaráðs í mars og verður reynt að halda framboðum leyndum þar til kemur að kynningum og kosningum.



## 5. Önnur mál

### a. Nemendagarðar – Heimavist

Ingvar spurði fréttu af heimavist við skólann. Lítið hefur gerst að undanfögnu.

### b. Kór FSu

Kórmálin hafa lítið verið rædd innan skólans en áhugi er á því að koma því starfi aftur af stað. Allir sammála um að vert væri að skoða það vel að endurvekja kórinn.

Næsti fundur er fyrirhugaður 28. apríl kl. 09:30

Fundi slitið kl. 10:58  
Fundarritari,  
Þórarinn Ingólfsson